

MARKMIÐ	AÐGERÐIR	ÁBYRGIR	TÍMARAMMI/HVENÆR VAR MARKMIÐI NÁÐ?
Fræðsla	1. Loftslagsyfirlýsing SHÍ- yfirlýsing um neyðarástand.	SHÍ	Loftslagsyfirlýsing SHÍ er þegar komin út.
	2. Aukið vægi umhverfismála á vef- og samfélagsmiðlum HÍ. Minnst 12 x yfir árið (t.d. viskumolar Uglunnar, facebookpóstar, instagram o.s.frv.).	Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ	Þegar komið en mun bætast í á Grænum dögum.
	3. Skjáhvílur nýttar til að koma á sjálfbærnumræðu í öllum tímum.	Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.	Skjáhvílur komnar í gagnid um allan HÍ. Að auki má nefna viðveru á Háskólatorgi og í Stakkahlíð þar sem hægt var að fræðast um Grænánaverkefnið og loftslagsgöngu háskólasamfélagsins febrúar 2020.
Loftlagsvænni matur	1. Það á að vera auðvelt að vera vegan í HÍ. Samtal og samráð hafið við FS.	. FS, Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála	Úrvalið orðið margfalt betra en var.
	2. Hvatning til FS frá nefnd um að draga úr matarsóun.Leggjum til að matur frá deginum áður sé seldur með afslætti (ekki í okkar höndum en við getum hvatt þau til þess).	Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.	Minni skammtar sallats þegar komnir. Einnig komnir límmiðar sem settir eru á mat sem er við það að renna út sem veitir þá afslátt.
Mótvægisáðgerðir.	1. Fataskiptimarkaður.	Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ í samstarfi við Landvernd og fl.	Þegar er búið að halda fataskiptimarkað.
	2. Annar skiptimarkaður.	Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ.	Verður haldin á Grænum dögum mars 2020.
	3. Dagur tileinkaður votlendi og skógrækt. Samstarf við Reykjavíkurborg um votlendið og garðyrkjudeild HÍ.	Verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála, SHÍ og Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ.	Þegar er búið að halda loftslagsdag HÍ sem tileinkaður var votlendi og skógrækt.
Samgöngur	1. Bæta stíga og aðgengi hjólréiðamanna (með fókus á stíga við Öskju).	Garðyrkjudeild HÍ og verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála.	Aðgengi hjólréiðarmanna að HÍ og þá sérstaklega Öskju hefur batnað. Má þar nefna bætur á stíg við Vísindagarða, auka tengingu milli Njarðargötu yfir á malbikaða stíginn við Öskju, vinnu í að bæta lýsingu á þessum stígum og uppsetningu á fleiri hjólabogum í stað gjarðarbana.
	2. Stuðningur SHÍ við framtak starfsmanna sem hefur það markmið að draga úr flugi.	SHÍ og Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ.	SHÍ hefur lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að draga úr flugi starfsmanna, meðal annars með því að deila ákvörðunartrei fyrir flug á sínum miðlum og með því að setja þrýsting á yfirvöld HÍ um þessi mál í gegnum aðgerðaráætlun sem var samþykkt í Stúdentaráði 24. febrúar 2020. Auk þess hefur verkefnastjóri sjálfbærni- og umhverfismála hvatt til þess að flugmálin verði skoðuð með loftslagsbreytingar í huga af yfirstjórn, og stendur sú vinna yfir hjá forseta félagsvísindasviðs og aðstoðarrektror vísinda.